

Re: Upplýsingar til leigutaka Brákarbrautar 25 og 27

Til : Þórdís S. Sigurðardóttir
Frá : Þórður Sig <doddi76@simnet.is>
Heiti : Re: Upplýsingar til leigutaka Brákarbrautar 25 og 27
Málsnúmer : 2102065
Málsaðili : Slökkvilið Borgarbyggðar
Skráð dags : 16.02.2021 09:35:33
Höfundur : Þórður Sig <doddi76@simnet.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Sæl Þórdís og takk fyrir svarið í gær nokkur sem við viljum bæta við fyrra erindi okkar.

Hafa ber hugfast að þessar aðgerðir með að útiloka okkur frá einu aðstöðu okkar í skotfélaginu hefur ákaflega neikvæðar afleiðingar fyrir okkar félagsmenn, sem og alla þá sem hafa skjól í husinu og eru vafalaust hundruðir íbúa hér í sveitarfélaginu sem þetta snertir, bara í skotfélaginu eru skráðir yfir hundrað manns. Sá hopur sem sækir æfingar til okkar er sá hopur sem er oft ekki að fara á neina aðra staði til að leita sér afþreyingar, stundar skotæfingar og fer lítið annað. Margir fögnuðu því innilega að getað farið æfa aftur eftir covid lokanir og töluðu um hvað gott það hafi verið að komast út á meðal folks eftir langa innilokun með tilheyrandi einangrun.

Þegar að við byggðum upp aðstöðuna var fjöldi fólks sem lagði sýna fjármuni í uppbygginguna og er það mikill dónaskapur við þessa einstaklinga ef niðurstaðan verður sú að aðstöðunni sé varanlega lokað og þeir fjármunir þá varanlega glataðir.

Þess skal líka getið að Lögreglan hefur haft afnot af aðstöðunni okkar og kemur þessi lokun mjög harkalega við þá þar sem þeir þurfa að uppfylla hæfnispróf fyrir sitt fólk, sem ekki hefur verið hægt vegna covid lokana en var að opnast fyrir núna.

Þess skal einnig getið að þetta er ein glæsilegasta skotaðstaða innanhúss á Íslandi og höfum við á hverju ári haldið tvö til þrjú Íslandsmót, sem vakið hafa mikla athygli innan skotgeirans á Íslandi.

Sveitarstjórnarfolk ætti að hugfast að fólk sem kys að búa í þessu samfélagi gerir það eflaust vegna þess mikla framboðs af félagsstarfi sem er hér a boðstólum, nefni Golfklúbbinn, hestamannafélagið, skotfélag, kóra, leikfélög, fjölbreytt íþróttastarf og svo mætti lengi telja, en ekki viss um að fólk kjósi að búa hér vegna lágra fasteigna gjalda, skylvirkrar stjórnsýslu eða mikilla atvinnutækifæra!

Kv. Þórður Sig
S: +354 8625349

On 15. feb. 2021 at 14:49, Þórdís S. Sigurðardóttir <thordis.sigurdardottir@borgarbyggd.is> wrote:

Sæll Þórður,
Takk fyrir tölvupóstinn.

Ég skil að þetta hafi neikvæð áhrif á starfsemi skotfélagsins sem og annarra leigjenda í húsnæðinu. Byggingarfulltrúi gerir kröfu um tímabundna lokun sem studd er af úttekt eldvarnareftirlitsins. Skoðunarskylda hvílir á eldvarnareftirlitinu og er því um nýja úttekt að ræða, en athugasemdir varðandi hverja aðstöðu voru í úttekt eldarnareftirlitsins sem ég sendi öllum leigjendum á föstudaginn.

Um er að ræða tímabundna ráðstöfun. Málið verður tekið til umræðu á byggðarráðsfundi og erum við að vinna í

Því að kanna hvaða leiðir eru færar og hvort möguleiki sé að gera viðeigandi úrbætur og halda einhverri starfsemi áfram í húsinu að úrbótum loknum.

Við leitumst við að hafa sem mest samskipti við ykkur um þetta mál og ég ítreka að á byggðarráðsfundi á fimmtudaginn getum við tekið fyrir spurningar eða tillögur frá leigjendum sem best er að berist sveitarfélaginu fyrir þann tíma.

Ég mun leggja neðangreindan tölvupóst þinn fram til upplýsingar fyrir byggðarráð.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar.



Bestu kveðjur / Best regards

Þórdís Sif Sigurðardóttir
sveitarstjóri Borgarbyggðar

From: Þórður Sig

Sent: 12. febrúar 2021 15:43

To: Þórdís S. Sigurðardóttir

Subject: Re: Upplýsingar til leigutaka Brákarbrautar 25 og 27

Sæl Þórdís og takk fyrir þetta, við í Skotfélaginu höfum verið eins og þú veist kanski búin að vera með aðstöðu í húsinu síðan 2012, við byggðum upp mjög myndarlega aðstöðu sem kostaði mikla peninga og gríðarlega vinnu félaga skotfélagsins. Það lá alltaf fyrir frá sveitarfélaginu að það myndi ekki leggja pening í húsnæðið og vissum við það að við yrðum að byggja þetta upp á okkar kostnað sem við og gerðum. Fljótlega eftir að við hófum starfssemi fór að bera á leka ofan af þaki og hefur þessi leki aukist jafnt og þétt, við buðumst á synum tíma í samstarfi við golfarana og ef eg man rett ætlaði fornbílafélagið að taka þátt í því með okkur að skifta um þak ef sveitarfélagið myndi skaffa járníð en svarið var nei það yrði ekki eytt krónu í viðhald!

Hefði verið skift um járn á húsinu væri vandamálið vafalaust mun minna í dag, en ég er nokkuð viss um að félagar í skotfélaginu eru ekki tilbúnir í að leggja í þá vinnu nú eftir vendingar síðustu daga.

En maður spyr sig af hverju þarf að loka hjá okkur? Við erum með úttekt frá Slökkviliði (Bjarni tok þetta út á sýnum tíma) og eftir heimsókn þeirra Bjarna og Co í síðustu viku var einungis ábending að eitt skilti vantaði hjá okkur. Þá er skotfélagið með úttekt frá Heilbrigðis eftirliti og starfsleyfi frá þeirri stofnun. Þá spyr maður sig aftur, er ekkert til sem heitir meðalhófsregla? Hefði ekki verið hægt að koma með ábendingar og svo gengið í harðari aðgerðir ef þeim hefði ekki verið fylgt?

Kv. Þórður Sig

S: +354 8625349

On 12. feb. 2021 at 15:22, Þórdís S. Sigurðardóttir <thordis.sigurdardottir@borgarbyggd.is> wrote:

Sæl öll,

Í gær var haldinn fundur með öllum leigjendum og þeim sem nýta húsnæðið að Brákarbraut 25-27. Til þess að ítreka það sem fram kom á þeim fundi þá felst í skýrslum úttektaraðila að allri starfsemi skuli hætta í húsnæðinu við Brákarbraut 25-27 þangað til frekari ákvarðanir verða teknar um framhald nýtingar húsnæðisins. Ítrekum við því að nýting húsnæðisins skal eingöngu fara fram í samráði við verkstjóra áhaldahúss Borgarbyggðar.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru skýrslur úttektaraðilanna sem staðfesta það sem fram kom á fundinum í gær og er í samræmi við kynningu úttektaraðila.

Um er að ræða stjórnvaldsákvörðun þessara tveggja úttektaraðila og krafna sem þeir gera vegna húsnæðisins að Brákarbraut 25-27.

Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvað verði um húsnæðið, hvort leigutökum eða öðrum verði heimiluð uppbygging, hvort húsnæðið verði auglýst til sölu eða auglýst til niðurrifs. Hafið er ferli hjá sveitarfélaginu til þess að taka ákvörðun um næstu skref. Málafni Brákarbrautar 25-27 verða tekin fyrir í byggðarráði Borgarbyggðar þann 18. febrúar nk. Hafi leigutaki einhverjar spurningar eða tillögur að úrbótum eða telji leigutaki nauðsynlegt að upplýsa sveitarfélagið um eitthvað sem varðar húsnæðið að Brákarbraut 25-27 er þess óskað að slíkar upplýsingar berist fyrir þann fund, ef nokkur kostur er, en sveitarfélagið tekur að sjálfsögðu einnig við ábendingum eftir þann tíma. Jafnframt má búast við því að tekin verði ákvörðun um hvort tekin verði ákvörðun um að segja upp öllum leigusamningum á eða í kjölfar fundar byggðarráðs.



Bestu kveðjur / Best regards

Þórdís Sif Sigurðardóttir

sveitarstjóri Borgarbyggðar / Mayor of Borgarbyggð

? +354 433-7105

sveitarstjori@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is

www.facebook.com/borgarbyggd

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.